



### **Pia Raker Sverrisdóttir**

Pia fæddist í Skotlandi árið 1953 og af finnsk íslenskum uppruna. Á yngri árum sínum flutti hún til Íslands og bjó þar fram að tvítugu. Pía fór til náms 1973-78 á Kunstakademiets Arkitektskole í Kaupmannahöfn. Gestanemi í Glerdeild Danmarks Designskole 1979-81. Hún starfaði við hönnun og listsköpun í 4 ár hjá Holmegårds Glasværker 1985-89. Eftir það, hefur Pía gert fjölda glerverka í byggingum, bæði fyrir einka- og opinbera aðila, m.a. í samstarfi við arkitekta.

Meðal stórra verefna voru verk fyrir Velux Glerverksmiðjurnar, sem eru staðsettar um allan heim 1998-2018. m.a. Ástralíu, Kína, Rússland, Kanada og mörg Evrópulönd.

Á árunum 1999-2002 stýrði Pía endurvinnsluverkefni á gluggagleri sem stutt var af Umhverfisráðuneyti Danmerkur.

Pía var með verkstæði í um 30 ár á Amager í Kaupmannahöfn.

Eftir gestavinnustofudvöl í Herhúsinu 2015 hefur hún einnig verið með vinnustofu og heimili á Siglufirði. Má þess geta í því sambandi, að Pía kom hingað á sumrin sem barn, þangað til síldarævintýrið stoppaði.

Einnig hefur hún tekið þátt í fjölmörgum sýningum héraðs og erlendis í 40 ár. Á samsýningunni með Kristjáni sýnir hún stærri glerverk og nytjalist í endurvinnslugleri. Einnig

e-mail: [piarakel.s@gmail.com](mailto:piarakel.s@gmail.com)

heimasíða: ARCTICGLASS.dk



### **Kristján Jóhannsson**

Hann er fæddur 21. maí 1949 Sauðárkróki. Stundaði nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands frá 1969-1974 og útskrifaðist úr kennaradeild.

Starfaði við Garðaskóla í Garðabæ 1974-1982, Myndlistaskóla Akureyrar 1982-2006 og Grunnskóla Siglufjarðar 2006-2017. Auk þess verið gestakennari við Kunstskolen í Nuuk á Grænlandi 1999 og eftirfarandi verið með verkefni í Brattahlíð í Suður-Grænlandi, í tengslum við 1000 ára afmælis landfunda Leifs Heppna í Ameríku.

Kristján hefur myndskreytt fjöldan allan af bókakápum í áraraðir, áður en tölvuvæðingin tók yfir, fengist við leiktjaldamálun og leikmunagerð fyrir Leikfélag Akureyrar, Leikfélag Reykjavíkur og unnið leikmynd fyrir Íslenska Dansflokkinn.

Það má einnig nefna, að hann er með í stjórn Herhúsafélagsins, sem hefur rekið gestavinnustofu fyrir listamenn í mörg ár á Siglufirði.

Kristján flutti fyrir nokkrum árum til baka til Siglufjarðar og býr í húsi fyrrum foreldra við Grundargötu.

Hér á samsýningunni með Píu Raker verða sýndar valdar upprunalegar myndir bókakápuskreytinganna.

Netfang: [stjani.johannsson.com](mailto:stjani.johannsson.com)

